




Grenimelur 45 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / SM

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. nóvember 2024 var lögð fram fyrirspurn Karenar Ingu Einarsdóttur, þar sem spurt er hvort vilyrði fáiast fyrir því að bæta við inngangi inn í kjallaraíbúð að Grenimelur 45 sbr. tölvupóst fyrirspyrjanda, dags. 12. október 2024.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag

Skipulag í gildi


Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin borgarhluta 1, Vesturbæ, og er hluti af íbúðarsvæði, ÍB2.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag Mela, Reynimelur-Grenimelur, samþykkt í borgarráði 10. maí 2006, ásamt síðari breytingum.

Umsögn



Fyrirhuguð staðsetning nýs inngangs



Grunnmynd, fyrirhuguð staðsetning inngangs

Í dag er innangengt í íbúð frá íbúð á miðhæð en skv. upprunalegum teikningum er/var inngangur í kjallara undir aðaltröppum húss, frá þröngu sundi milli íbúðarhúss og bílskúrs. Samkvæmt tölvupósti frá fyrirspyrjanda, dags. 18.11.2024, yrði fyrirhugaður inngangur á langhlið til suðausturs.

Niðurstaða

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Maack, arkitekt / verkefnastjóri